



Nefndasvið Alþingis
Efnahags- og skattanefnd
b/t. Eiríks Áka Eggertssonar
nefndarritara
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 1. apríl 2010.

Efni: Tillaga til þingsályktunar um mótun efnahagsáætlunar sem tryggir velferð og stöðugleika án aðstoðar Alþjóðagjaldeyrissjóðsins (287. mál)

Viðskiptaráð þakkar nefndinni fyrir það tækifæri að fá að veita umsögn um ofangreinda tillögu, sem kveður á um að fjármálaráðherra verði falið að vinna efnahagsáætlun sem tryggi velferð og félagslegan stöðugleika án aðstoðar AGS.

Að mati Viðskiptaráðs Íslands verður sá vandi sem við er að etja í efnahagsmálum þjóðarinnar aðeins leystur í samstarfi við alþjóðasamfélagið, enda sýnir sagan og þar af reynsla Íslendinga að slíkt samstarf er forsenda farsællar endurreisnar þjóða sem lent hafa í alvarlegum efnahagsáfallum. Markvisst samstarf við erlenda aðila er auk þessa forsenda þess að Ísland verði viðurkennt sem trúverðugt og áreiðanlegt aflu á vettvangi alþjóðlegra viðskipta í framtíðinni. Að sama skapi er ljóst að kostir sem takmarka eða útiloka slíkt samstarf munu leiða til efnahagslegrar einangrunar með tilheyrandi stöðnun og velferðartapi – skilyrði samstarfsþjóða fyrir aðstoð og takmarkaðar úrlausnir mikilvægra mála renna stoðum undir þá afleitu framtíðarsýn.

Í þessu sambandi hefur ráðið, líkt margir aðrir, lagt áherslu á að fylgt verði þeim leiðarvisi um endurreisn efnahagslífsins sem áætlun ríkisstjórnar og AGS felur í sér. Með því að unnið sé skipulega og ötullaga eftir efnahagsáætlun sjóðsins telur ráðið að hagkerfið muni ná jafnvægi fyrr en ella og að skaðinn verði lágmarkaður. Er hér fyrst og fremst um hlutlægt mat ráðsins að ræða á efnistöðum og þeim aðgerðum sem áætlunin felur í sér sem og áberandi skorti á öðrum marktækum leiðum, en ekki á pólitíska þætti máisins hér heima og innan stjórnar sjóðsins sem er vissulega á köflum ólíðandi.

Að því sögðu er þó ljóst að áætlun ríkisstjórnar og AGS er ekki hafin yfir allan vafa og það er eðlilegt að uppi sé málefnanleg og gagnrýnin umræða um væntan ávinning af eftirfylgni, hugsanlegar fórnir og aðrar leiðir. Sú tillaga sem hér er til umsagnar er að mestu í þessum anda, ólíkt þeim ómarkvissa farvegi pólitískra flokkslína sem umræða um efnahagsáætlunina vill oft leitast í þar sem upphrópanir standa efnislegum rökstuðningi frammar. Undirritaður á hins vegar erfitt með að taka undir ýmsa þætti greinargerðar tillögunnar, t.a.m. að tekist hafi að halda efnahagi landsins á floti þrátt fyrir seinkun á endurskoðun sjóðsins og að AGS hafi verið harður húsbóndi. Svigrúm til hægari niðurskurðar opinberra útgjalda og gjaldeyrishöftin sýna að sjóðurinn skilji vel þær aðstæður sem hér eru uppi. Þá verður ekki horft framhjá því að harður niðurskurður opinberra útgjalda var og er enn óumflýjanlegur, alveg óháð aðkomu sjóðsins. Þá er það vart valkostur fyrir almenning og atvinnulíf að hagkerfinu sé haldið á floti heldur er orðið löngu tímabært að grunnur sé lagður að vexti þess og sjálfbærni til lengri tíma.

Auk þessa þá er það álit undirritaðs að ekki sé rétt að fela fjármálaráðherra þetta verkefni, enda hafa stjórnvöld skuldbundið sig til að fylgja efnahagsáætlun sjóðsins. Færu stjórnvöld að róa í aðrar áttir, beint eða óbeint, felur það í sér vantraustsyfiriýsingu á samstarfið, alla samstarfsaðila og þá

aðstoð sem fengist hefur hingað til m.a. frá Norðurlöndunum – og er vart á bætandi í þeim efnum. Þvert á móti er þarft að stjórnvöld og stjórnslan öll eflist í eftirfylgni og stuðningi við efnahagsáætlunina, í það minnsta á meðan engin önnur raunhæf leið er í sjónmáli.

Frekar væri lag að fela háskólasamfélaginu að vinna fyrir Alþingi úttekt á þeim valkostum sem standa til boða, framkvæmd þeirra, kosti og göllum og þá þeim ábata sem fylgir þeim umfram núverandi áætlun. Komi fleiri en ein trúverðug áætlun til greina eftir raunhæfa skoðun þá hjóta kostir þeirra og gallar að vera vegnir og metnir með hliðsjón af þeirri framtíðarsýn sem ákjósanlegust er fyrir land og þjóð.

Virðingarfyllst,

Haraldur I. Birgisson

Haraldur I. Birgisson
Yfirlögfræðingur Viðskiptaráðs